



# INNRA MAT SÍÐUSKÓLA

Skólaárið 2019-2020

## Skýrsla matsteymis

Matsteymi skipa; Marías Kristjánsson, Anna Lilja Hauksdóttir, Jónína Sveinbjörnsdóttir, Sigrún Helga Snæbjörnsdóttir og Steven Allard Bos.

## Efnisyfirlit

Inngangur .....	2
1. Skólanámskrá.....	3
1.1. Leiðir til gagnaöflunar.....	3
1.2. Mat á Skólanámskrá Síðuskóla með hliðsjón af aðalnámskrá .....	3
2. Nám og kennsla .....	3
2.1. Leiðir til gagnaöflunar.....	4
3. Námsárangur .....	7
3.1. Leiðir til gagnaöflunar.....	7
3.2. Mat á námsárangri .....	7
3.3. Umbótaáætlun vegna námsárangurs.....	9
4. Nemendur – líðan og þarfir, starfsandi .....	10
4.1. Leiðir til gagnaöflunar.....	10
4.2. Mat á nemendur- líðan, þarfir, starfsandi.....	10
4.3. Umbótaáætlun vegna nemendur- líðan, þarfir, starfsandi .....	10
5. Starfsfólk – líðan, þarfir, starfsandi .....	10
5.1 Leiðir til gagnaöflunar.....	10
5.2 Mat á starfsfólk - líðan, þarfir, starfsandi.....	10
5.3 Umbótaáætlun vegna starfsfólk - líðan, þarfir, starfsandi .....	10
Lokaorð.....	11

## Inngangur

Matsteymi Síðuskóla skólaárið 2019-2020 skipa; Anna Lilja Hauksdóttir þroskaþjálfari, Jónína Sveinbjörnsdóttir umsjónarkennari 7. bekkjar, Sigrún Helga Snæbjörnsdóttir sérkennari, Steven Allard Bos kennari. Marías Kristjánsson deildarstjóri er tengiliður og hefur umsjón með fyrirlögn Skólapúlsins.

Helstu áherslur í innra mati skólaárið 2019-2020 eru samkvæmt fjögurra ára áætlun:

### 2019-2020

- Skólanámskrá,
- Nám og kennsla,
- Námsárangur,
- Nemendur – líðan, þarfir, starfsandi
- Starfsfólk – líðan, þarfir, starfsandi

Hver þáttur fyrir sig er skoðaður út frá fyrirliggjandi gögnum s.s. niðurstöðum Skólapúlsins, samræmdum prófum, könnun á líðan – nemenda og starfsfólks, gögnum á samdrifi skólans – lesið og kennt og ýmsu öðru. Fyrir hvern matsþátt er gerð áætlun um það sem meta skal. Rýnt er í gögn og þau dregin saman í niðurstöður. Í lok hvers undirkafla er tillaga að úrbótum ef niðurstöður eru ekki ásættanlegar.

Hér að neðan má sjá fjögurra ára áætlun fyrir innra mat Síðuskóla.

<b>2019-2020</b>  Skólanámskrá, Nám og kennsla, Námsárangur, Nemendur – líðan, þarfir, starfsandi Starfsfólk – líðan, þarfir, starfsandi	<b>2020-2021</b>  Starfsáætlun, Námsmat, Nemendur – líðan, þarfir, starfsandi, Stjórnun, Viðmót og menning skólabragur, Aðbúnaður, Samstarf heimila og skóla, Ytri tengsl (tengsl skólastiga),
<b>2021-2022</b>  Skólanámskrá, Nemendur – líðan, þarfir, starfsandi Starfsfólk – líðan, þarfir, starfsandi, Skólaþróun, Ráðstöfun auðlinda - fjármagns, tíma, mannauðs og búnaðar	<b>2022-2023</b>  Starfsáætlun, Nemendur – líðan, þarfir, starfsandi, Stjórnun, Viðmót og menning, skólabragur, Samstarf heimila og skóla

Ef ekki er svigrúm til að fara yfir alla matsþættina ár hvert færast þeir yfir á næsta skólaár.

Meginkaflar skýrslunnar eru fimm og eru eftirfarandi:

1. Skólanámskrá
2. Nám og kennsla

3. Námsárangur
4. Nemendur – líðan og þarfir, starfsandi
5. Starfsfólk – líðan, þarfir, starfsandi

## 1. Skólanámskrá

### 1.1. Leiðir til gagnaöflunar

Til að meta hvort skólanámskrá Síðuskóla stendur undir því sem lagt er upp með að hausti er rýnt í hæfnikort inni á Mentor. Hæfnikortin eru lifandi plagg og breytast með nýjum kennurum, þau innihalda hæfniviðmið fyrir hvern árgang og hverja námsgrein og koma í stað skólanámskrár sem áður var.

Farið var inn á hvern árgang fyrir sig og þar kannað hvort til eru ný matsviðmið fyrir núverandi skólaár til að meta námsstöðu nemenda.

### 1.2. Mat á Skólanámskrá Síðuskóla

Eftir að hafa rýnt í hæfnikort á Mentor kom í ljós að þar er að finna allar námsgreinar í öllum árgöngum fyrir utan lífsleikni. Lífsleikni finnst aðeins sem sérstakt hæfnikort í 8. og 9. bekk. Í öðrum árgöngum eru hæfniviðmið fyrir lífsleikni inni í hæfnikorti fyrir samfélagsfræði-reynsluheimur/hugarheimur.

Mat á skólanámskrá koma vel út og því er ekki ástæða til að þrjóna við þetta umbótaáætlun. Hins vegar má velta upp hugmyndinni hvort ekki ætti að samræma lífsleikniviðmiðin þannig að þau séu eins í öllum árgöngum. Annað hvort að hafa sér hæfnikort fyrir hana eða fela hana inni í önnur kort.

## 2. Nám og kennsla

Hverjum og einum skóla er í sjálfsvald sett hvaða áherslur eru lagðar í skólastarfinu. Ákvörðunin byggist einna helst á stefnu skólans og þeim áherslum sem starfsfólkið og stjórnendur vilja setja. Hér í Síðuskóla eru eftirfarandi áherslur/stefnur:

**Byrjendalæsi**

**Sérdeild**

**Umhverfismennt**

**Upplýsingatæknimennt**

**Zankow-stærðfræði**

**Leiðtogastærðfræðináám**

**Erlent samstarf Nordplus og Erasmus**

**SMT**

**Unglingaspjall , krakkaspjall samskipti stúlkna leiðir til lausna**

## Að auki er starfsfólk hér innan skólans sem er að læra ART

### 2.1. Leiðir til gagnaöflunar

Rýnt var í efni á netinu; á heimasíðu Síðuskóla og Miðstöð skólaþróunar, auk þess sem leitað var eftir upplýsingum hjá starfsfólki innan skólans sem hefur þessi verkefni á sinni könnu. Einnig var skoðuð skýrsla frá kennurum síðastliðið vor *Lesið og kennt*.

### 2.2 Mat á námi og kennslu

#### *Árleg skýrsla kennara að vori: Lesið og kennt*

Í Síðuskóla skila allir kennarar vorskýrslu um kennsluefni. Þegar farið var yfir þá skýrslu kom í ljós að eftirfarandi vantar: Íþróttir og sund í öllum bekkjardeildum auk dönsku á unglíngastigi og 6. bekk. Þar fyrir utan tókum við eftir því að kaflinn um *val á unglíngastigi* var ansi rýr. Þar var einungis fjallað um sjónlistaval og hönnun og smíðaval þrátt fyrir að hér hafi ýmislegt annað verið í boði.

#### *Byrjendalæsi:*

Í daglegu tali er talað um Byrjendalæsi sem eina kennsluáðferð en í raun er Byrjendalæsi margar áðferðir með mismunandi nálgun á viðfangsefnum nemenda og skipulagningu á vinnu þeirra. Ferlið er unnið í lotum og er algengt að hver lota nái yfir eina til tvær vikur. Útbúin er kennsluáætlun þar sem fram kemur hvaða markmiðum verður fylgt í hverri áætlun. Tilgreint er hvaða þætti í áætluninni á að meta og hvaða námsmatsaðferðir verði nýttar þegar vinna nemenda er metin. Þrisvar á ári er lögð fyrir læsiskannanir til að meta stöðu nemenda.

#### *Umhverfismennt*

Síðuskóli fékk Grænfánann afhentan í fyrsta sinn þann 25. apríl 2006 en hann er alþjóðlegt umhverfismerki samtakanna FEE (Foundation for Environmental Education). Fánanum er ætlað að auka veg umhverfismenntar og styrkja umhverfisstefnu í skólum. Markmið umhverfismenntar í skólanum er að efla þekkingu, skilning og virðingu fyrir umhverfi og náttúru. Að hver einstaklingur spyrji hvað hann geti gert til að stuðla að sjálfbærri þróun. Vinnubrögð og hegðun leiði til þess að við höfum jákvætt viðhorf til umhverfisins, berum virðingu fyrir því og finnum farsælar lausnir á vandamálum sem steðja að.

#### *Upplýsingatæknimennt*

Í haust var stofnað 6 manna UT teymi í Síðuskóla. Tilgangur með stofnun teymisins er að vinna að námskrá fyrir skólann í upplýsingatækni, þróa stefnu í UT málum og kanna þörf á endurnýjun og kaupum á tölvubúnaði og forritum fyrir kennslu. Gerð var þarfagreining meðal starfsfólks snemma í haust um hvað það var sem það kallaði eftir í fræðslu. Á UT degi í nóvember voru haldin erindi um ýmislegt er kemur að upplýsingatækni í skólastarfi. Búið er að halda fleiri námskeið og kynningar fyrir kennara og stuðningsfulltrúa. Teymið hittist aðra hverja viku og skiptir með sér verkum milli funda.

#### *Zankow-stærðfræði:*

Inntak verkefnisins má sjá í markmiðum fyrir kennara. Verkefnið snýr mest að kennsluháttum og þá þeim sem snúa að hæfnimarkmiðum stærðfræðinnar:

- að geta spurt og svarað með stærðfræði,
- að kunna að fara með tungumál og verkfæri stærðfræðinnar,
- vinnubrögð og beiting stærðfræðinnar.

Áhersla er lögð á samvinnu nemenda og samræðu þeirra á milli, og samræðu milli kennara og nemendahópsins.

Auk þessa er lagður grunnur að skólanámskrá stærðfræðinnar ásamt skimunaráætlun.

Ávinningur nemenda:

- *Hnitmiðaðra stærðfræðináma*
- *Aukin þátttaka í eigin námi með samræð um hugtakabekkingu*
- *Aukinn áhugi á faginu og aukinn árangur*

#### *Leiðtogastærðfræði*

Leiðtogastærðfræðin hefur verið í gangi í 3 ár undir handleiðslu HA. Á námskeiðinu er verið að vinna með öðruvísi stærðfræði með áherslu á opin verkefni æa miðstigi. Markmiðið er að kennarar skólans nýta tímann í vinna markvisst með opin verkefni þar sem lausnir geta verið fleiri en ein og eru utan við kennslubækurnar. Haldnir eru fundir með kennurum miðstigs og reynt að fara samferða í gegnum þessar aðferðir.

#### *Erlent samstarf ( Erasmus)*

Verkefnið snýst um samstarf Íslendinga og Svía þar sem megin áhersla er lögð á að nemendur kynnist menningu hvers annars.

Nemendur velja sér viðfangsefni sem tengist landinu sínu til að fjalla um og nota mismunandi tækni til þess að kynna sitt viðfangsefni. Verkefnið felur í sér heimsókn íslenskra nemenda til Svíþjóðar og móttöku Svía til Íslands. Í ferðunum dvelja nemendur á heimilum hvers annars og kynnast þannig menningu frá fyrstu hendi. Auk þess hafa nemendur samskipti sín milli með samskiptaforritum allan veturinn.

#### *Erlent samstarf (Nordplus)*

Kennarar 7. bekkjar eru í samstarfi við kennara í grunnskóla á Jótlandi sem kallast Ryomgaard Realskole. Nemendur vinna samskonar verkefni í báðum löndum og hafa ýmis samskipti á bekkjarvísu. Markmiðið er að kynnast menningu nágrannaþjóðar og spá í hvað er líkt og ólíkt. Samstarfið nær hápunkti í heimsóknum milli landanna, dönsku nemendurnir koma í heimsókn í Síðuskóla í apríl og heimsóknin er endurgoldin í maí. Öllum nemendum árgangsins stendur til að fara með í ferðina. Styrkur frá Nordplus er forsenda fyrir að þetta gangi upp.

#### *SMT- skólafærni*

Markmið SMT- skólafærni er að skapa gott andrúmsloft í skólanum og tryggja öryggi og velferð nemenda og starfsfólks. Lögð er áhersla á að koma í veg fyrir og draga úr óæskilegri hegðun nemenda með því að kenna og þjálfra félagsfærni. Einnig eru reglur kenndar og þeim er fylgt eftir með því að starfsfólk skráir þegar búið er að kenna reglurnar. Með markvissum hætti er fylgst með jákvæðri hegðun og unnið að því að samræma viðbrögð starfsfólks gagnvart nemendum sem sýna óæskilega hegðun. Verkfærakista er til í SMT og eru verkfærin í henni notuð sem hjálpartæki til að samræma vinnuna.

#### *Unglingaspjall*

Unglingaspjall er samræðu- og samskiptaverkefni ætlað nemendum á mið- unglingastigi grunnskóla (7. - 10. bekk). Verkefnið er til að auka samræðu- og samskiptahæfni nemenda. Námskeiðið er bæði hugsað sem fyrirbyggjandi og einnig til þess að vinna úr samskiptavanda sem gæti verið til staðar.

### **Ávinningur skóla – nemenda – foreldra:**

Félagsleg færni nemenda er eflað með samskiptavinnu og þeir fá tækifæri til að ræða saman um þau félagslegu skilaboð sem ætluð eru ungu fólki í dag, mikilvægi félagstengsla, sjálfvirðingar og félagslegrar samkenndar.

Nemendur fá þjálfun í að hugsa á gagnrýninn hátt um samskipti sín, hvernig þeir tengjast hver öðrum og þeim er gefið tækifæri til að tala um reynslu sína og skoðanir um ýmis samskipta- og álitamál.

#### *Krakkaspjall:*

Krakkaspjall er samræðu- og samskiptaverkefni ætlað strákum og stelpum á yngsta- og miðstigi grunnskóla. Verkefnið samanstendur af 10 samræðu- og samskiptafundum og er hver fundur 40 mínútna langur. Á fundunum hittist krakkahópur og samræðustjóri og taka þátt í fjölbreyttum samræðu- og samskiptaverkefnum.

#### **Markmið verkefnisins er að nemendur:**

- *öðlist leikni í tjáningu og miðlun*
- *hafi tækifæri til þess að beita skapandi og gagnrýnni hugsun*
- *hafi tækifæri til þess að efla sjálfstæði sitt og samvinnu*
- *fái tækifæri til þess að nýta miðla og upplýsingar og efla sjálfmynd sína*

#### *Samskipti stúlkna leið til lausna:*

Verkefnið er þýtt, staðfært og þróað af starfsmönnum HA og er unnið í samstarfi við sérfræðinga frá HA. Það samanstendur af 10 fundum sem allir snúast um að skilgreina hegðun sem veldur vandræðum og skoða leiðir til úrbóta. Þetta verkefni hefur reynst vel til að efla félagsfærni og leysa samskiptavanda sem oft er til staðar sérstaklega hjá stúlkum á miðstigi.

#### *ART:*

ART er vel afmörkuð og árangursrík aðferð til að draga úr erfiðri hegðun þeirra sem greinst hafa með ýmis konar þroskaraskanir, ofvirkni og alvarlegar atferlistruflanir. ART hjálpar öllum að eiga árangursrík samskipti og að þekkja tilfinningar sínar. Að baki ART er sú hugmyndafræði að reiði eða árásarhegðun eigi sér margvíslegar orsakir. Þrennt er þó áberandi hjá þeim sem eiga erfitt með að hemja reiði sína: Slök félagsleg færni, trú á að reiðin sigri allt og slakur siðferðisþroski. ART er gott stjórntæki til að ná fram jákvæðum aga. Í skólum er ART notað á margvíslegan hátt en mikilvægast er að allir nota sömu hugmyndafræði.

#### **Unnið er með þrjá þætti:**

- *Félagsfærni*
- *Sjálfstjórn*
- *Siðfræði*

#### *Sérdeild*

Sérdeild fyrir nemendur með einhverfu og skyldar fatlanir var stofnuð í Síðuskóla haustið 1999. Henni er ætlað að starfa í samræmi við lög um grunnskóla nr. 91/2008. Þeir nemendur sem búsettir eru á Akureyri og hlotið hafa einhverfugreiningu hjá viðurkenndum greiningaraðilum eiga rétt á að stunda nám í sérdeild. Þar að auki þurfa nemendur að hafa önnur frávík s.s. þroskaskerðingu og/eða skilgreinda hegðunarerfiðleika. Deildin hefur ráðgefandi hlutverk vegna einhverfra barna í öðrum grunnskólum á Akureyri. Í sérdeildinni er lögð áhersla á einstaklingsmiðað nám sem tekur mið af þörfum nemandans og stöðu, óskum foreldra og skólanámskrá. Nám og námsumhverfi í sérdeild er byggt upp samkvæmt TEACCH aðferðafræðinni (Treatment and Education of Autistic and related

Communication handicapped Children) sem er viðurkennd og útbreidd aðferðafræði við meðferð og kennslu einhverfra. Í sérdeildinni er lögð mikil áhersla á samskipan fatlaðra og ófatlaðra og gott og markvisst foreldrasamstarf.

### 2.3 Umbótaáætlun vegna náms og kennslu

Mikilvægt er að foreldrar og forráðamenn komist í upplýsingar um áherslur og stefnur í skólastarfi. Því má benda á í þessum kafla að upplýsingar um; leiðtogaþæðfræði, erlent samstarf Nordplus og erasmus og samskiptaverkefni s.s. unglingsþjall, krakkasþjall, samskipti stúlkna og ART vantar á heimasíðu skólans.

## 3. Námsárangur

### 3.1. Leiðir til gagnaöflunar

Meta skal námsárangur í Síðuskóla með eftirtöldum hætti:


- a) Rýnt er í niðurstöður úr samræmdum prófum í 4., 7. og 9. bekk. Ákveðið var að skoða fyrst niðurstöður sem birtust árið 2008, síðan árið 2013 og svo árið 2018. Með því móti sjáum við þá breytingu sem orðið hefur á 10 ára tímabili.
- b) Rýnt er í niðurstöður úr Lesfimiþrófum síðustu ára eftir því sem þær eru aðgengilegar. Lesfimiþrófin hafa verið tekin þrisvar á ári síðan 2016. Því er ekki um auðugan garð að gresja þar til að leggja mat á. Ákveðið var því að taka öll árin fjögur og rýna í þær niðurstöður.
- c) Rýnt er í niðurstöður úr Talnalykli. Talnalykill er staðlað og markbundið próf sem gefur til kynna hvar nemandi stendur í samanburði við samnemendur sína. Prófið gefur upplýsingar um styrk og veikleika nemandans í námsþáttum stærðfræðinnar. Síðuskóli leggur Talnalykil fyrir alla nemendur í 3. og 6. bekk bæði að hausti og vori. Þeir nemendur sem koma sérlega illa út fara svo í áframhaldandi úrræði.
- d) Rýnt er í niðurstöður úr LOGOS. LOGOS er lestrarskimun sem lögð er fyrir 3. og 6 bekk í Síðuskóla tvisvar á hverju skólaári. Hugsunin var að skoða tvo árganga og bera saman niðurstöður með framfarir í huga. Það reyndist erfitt að leggja fram heildarniðurstöður þar sem LOGOS skimunin hefur verið í mikilli þróun og margir nýir þættir komið inn sem verið er að mæla og aðrir teknir út. Því var ákveðið á lokametrunum að sleppa að meta LOGOS skimunina.

### 3.2. Mat á námsárangri


Helstu niðurstöður úr þeim gögnum sem rýnt var í eru:



a) Samkvæmt niðurstöðum Menntamálastofnunar úr samræmdum prófum í 4. bekk má sjá að árangur fer frá því að vera yfir landsmeðaltali og í því að sveiflast undir landsmeðaltal. Í öllum tilvikum má sjá að nemendur Síðuskóla eru að sýna sömu eða slakari færni í stærðfræði en íslensku. Árin 2008 og 2018 skera sig þó úr að því leyti að þar er árangur sá sami í báðum fögum, yfir landsmeðaltali. Á síðustu sex árum má greinilega sjá að stærðfræðiarangur er á uppleið en íslenskan hefur á þessum árum verið nálægt landsmeðaltal.




Í niðurstöðum Menntamálastofnunar í samræmdum prófum 7. bekkjar sést greinilega að stærðfræðin kemur betur út hjá 7. bekk heldur en hjá 4. Auk þess sem fögin haldast betur í hendur hvað árangur varðar. Þó er greinilegt að árangur skólans er oftast undir landsmeðaltali en yfir í



báðum fögum. Það er því greinilegt miðað við þessar niðurstöður að árangur 7. bekkjar er betri en hjá 4. bekk í stærðfræði með einni undantekningu, árið 2016. Það eru þó ekki eins miklar sveiflur þar og í 4. bekk á þessum 10 árum.

Niðurstöður af unglíngastigi voru skoðaðar á sama hátt og þarf að hafa í huga tvær breytur á þessu tímabili. Sú fyrri árið 2016 þar sem enginn fór í samræmd próf það árið á unglíngastigi á landinu öllu. Sú seinni árið 2018 þar sem einungis eru til niðurstöður úr stærðfræði þar sem illa gekk að leggja fyrir íslensku og ensku það ár vegna tæknivandamála. Á unglíngastigi eru prófin ekki lengur tvö heldur þrjú þar sem enska hefur bæst við.



Sjá má að það er greinileg niðursveifla í öllum fögum árið 2011 sem hægt og sígandi batnar en nær sér ekki á strik fyrr en árið 2014



þar sem árangur Síðuskóla nær landsmeðaltali. Einnig má sjá að það ár fer árangur skólans yfir landsmeðaltal í íslensku og stærðfræði. Á þessu 10 ára tímabili má sjá að enskan nær einungis tvisvar sinnum landsmeðaltali en öll hin árin er hún undir.

Þrátt fyrir að það vanti niðurstöður tveggja ára á þessu tímabili má þá segja að unglíngastigið komi slakast út þegar samræmd próf Menntamálastofnunar síðustu 10 ára eru skoðuð.

- b) Menntamálastofnun hefur frá árinu 2016 lagt fyrir Lesfimipróf þrisvar sinnum yfir skólaárið í hverjum árgangi, í september, janúar og maí. Þar er leshraðinn metinn þar sem talin eru orð á mínútu. Viðmiðunarþrepin eru þrjú, *fyrsta, annað og þriðja viðmið*. Hér er rýnt í septembertölur frá upphafi til ársins 2019 og talað út frá þeim. Miðað við þær niðurstöður fylgja nemendur í Síðuskóla meðaltali á landsvísu og ná viðmiði eitt sem Menntamálastofnun setur upp. Frávik eru lítil og virðast ekki tengjast ákveðnum árgangi. Ljóst er að árgangar eru flestir nálægt landsmeðaltali þó sker árgangur 2009 sig úr þar sem hann nær umtalsvert betri árangri ár frá ári. Árið 2016 voru þau í 2. bekk og voru þá yfir landsmeðaltali og þau hafa haldið því síðan. Hér má sjá niðurstöður Síðuskóla og landið allt í september árið 2019.



- c) Rýnt er í Talnalykil þriðja og sjötta bekkjar síðustu fimm ára. Greinilegt er að nemendur þriðja bekkjar sýna umtalsvert betri stærðfræðikunnáttu að vori en hausti. Má nefna að umtalsverður munur var á þeim hópi sem var í þriðja bekk árið 2016. Þau sýna miklar framfarir þar sem 10 úr hópnum voru yfir viðmiði að hausti en 25 að vori. Hins vegar sýnir sjötti bekkur ekki jafn miklar framfarir. Þar eru mjög fáir nemendur sem fóru yfir áður nefnd viðmið.

### 3.3. Umbótaáætlun vegna námsárangurs

a) Við veltum fyrir okkur hvernig ná megi betri og jafnari árangri í 4. bekk þar sem niðurstöður síðustu ára sína miklar sveiflur þar. Þó árangur 7. bekkjar sé jafnari þá er hann oftast undir landsmeðaltali en yfir. Hvað þarf að gera til að hífa árangur upp. Einnig þarf að huga vel að 9. bekk þar sem niðurstöður eru slakastar.

b) Lesfiminiðurstöður hafa nokkurn vegin haldið sér í meðaltali hér í Síðuskóla. Það er vel ásættanlegt en alltaf má gera betur.

c) Gleðilegt er að sjá að nemendur standa sig betur að vori en að hausti í Talnalykli í 3. bekk. Gott væri þó að sjá sömu framfarir/stíganda þegar komið er upp í 6. bekk.

## 4. Nemendur – líðan og þarfir, starfsandi

### 4.1. Leiðir til gagnaöflunar

Meta skal hvernig líðan og þörfum nemenda er mætt.

- a) Rýnt er í niðurstöður líðankannana sem lagðar voru fyrir í októbermánuði.
- b) Niðurstöður Skólapúlsins eru skoðaðar til að meta líðan og þarfir nemenda í skólanum.

### 4.2. Mat á nemendur- líðan, þarfir, starfsandi

- a) Þetta verkefni tókst ekki að vinna þar sem líðankönnun var ekki lögð fyrir alla nemendur skólans.
- b) Þetta verkefni tókst ekki að vinna vegna tímaskorts og Covid-ástands.

### 4.3. Umbótaáætlun vegna nemendur- líðan, þarfir, starfsandi

Sjá lið 4,2

## 5. Starfsfólk – líðan, þarfir, starfsandi

### 5.1 Leiðir til gagnaöflunar

Hugmyndin var að fá niðurstöður úr starfsmannakönnunum Akureyrarbæjar sem gerðar voru árin 2016 og 2019. Hins vegar gekk afar illa að fá niðurstöður úr þeirri seinni, þær bárust ekki fyrr en á fundi þann 11. mars. Eftir það hittist nefndin lítið vegna Covid – ástands. Hins vegar var rýnt í lykilsurningar sem varða líðan starfsfólks, þarfir og starfsanda.

### 5.2 Mat á starfsfólk - líðan, þarfir, starfsandi

Við skoðun nokkurra lykilsurninga kom i ljós að:

- Ánægja í starfi jókst um 20% milli kannanna
- Starfsandi á vinnustaðnum hefur batnað um u.þ.b. 20 % milli kannanna
- Ánægja með vinnuaðstöðu og tæki og gögn hefur aukist um u.þ.b.17% milli kannanna.

### 5.3 Umbótaáætlun vegna starfsfólk - líðan, þarfir, starfsandi

Þetta verkefni tókst ekki að vinna vegna tímaskorts og Covid-ástands.

## Lokaorð

Vinna teymisins í vetur var á þessa leið; matsteymið fundar einu sinni í viku yfir veturinn, eina og hálf klst. í senn (sjá fundagerð).

Þessi skýrsla hefur verið unnin jafnt og þétt yfir vetrartímann frá september og fram í mars þegar samkomubann vegna Covid19 stöðvaði allt hefðbundið skólalald þar til í byrjun maí. Um miðjan maí var starfsfólki sagt að skila inn skýrslum eins og þær voru þá. Á þeim forsendum er skýrslan ekki fullunnin eins og til var ætlast. Ekki tókst að vinna kafla 4 og 5 og því flytjast þeir yfir á áætlun næsta árs.

Veturinn 2015-2016 var gerð ytra mats úttekt á skólanum. Þar kom í ljós að margir þættir varðandi innra matið voru ekki í lagi. Unnið hefur verið að úrbótum á þeim þáttum á síðustu árum og enn má þar bæta í. Þar má t.d. meta með markvissari hætti ýmsar upptakur í skólastarfinu, kennsluhætti og nýjungar.

Matsteymi mælir með því að næsta nefnd vinni vorskýrslu og fundargerðir á Google Drive.